

## Aðalstjórn Völsungs

21.3.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Hallgrímur Jónsson, Lilja Friðriksdóttir, Davíð Þórólfsson, Jóna Björk Gunnarsdóttir og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### 1. Ferðasjóður ÍSÍ

Völsungur sendi inn umsókn í ferðasjóð ÍSÍ fyrir deildir félagsins. Umsóknin var uppá 9.907.676 kr. Úthlutun Völsungs var í heildina 4.072.494 kr. og skiptist milli deilda með eftirfarandi hætti:

Grein	upphæð	i
Meistaraflokkur kvk og kk blak	538.915	
Yngri flokkar blak	370.110	
Meistara- og 2. flokkur knatt	2.459.030	
Yngri flokkar knatt	471.111	
Fimleikar	0	
Boccia	233.328	
Sund	0	

*Upphæðir verði greiddar til deilda í samræmi við úthlutun ferðasjóðs ÍSÍ.*

### 2. Ferð til danmerkur með UMFÍ

Dagana 24.-27. maí nk. stefni UMFÍ að því að fara í ferð til Danmerkur með starfsfólki ungmennafélagshreyfingarinnar af öllu landinu. Markmið ferðarinnar er að heimsækja dönsku landssamtökin Danske gymnastik og idrætforeningen (DGI), sem eru systursamtök UMFÍ. Jafnfram er ætlunin að kynnst alþjóðlegu samtökunum International Sport and Culture Association (ISCA), sem eru samtök ýmissa grasrótarsamtaka á sviði íþróttar, almenningsíþróttar og menningar.

*Framkvæmdastjóri mun fara í ferðina fyrir hönd Völsungs.*

### 3. Drög að samning við FSH

Jónas Halldór og Jóhann Kristinn hafa fundað með framhaldsskólanum um samstarf um afreksáfangar. Fyrir fundinum liggja drög að samning.

*Samninguringsdrögin samþykkt af hálfu aðalstjórnar. Samningurinn verður lagður fyrir aðalstjórn til endanlegrar staðfestingar á seinni stigum.*

**4. Fundargerð B&U 13.3.2019**

Fundargerð barna- og unglíngaráðs frá 13.3.2019.

*Fundargerðin lögð fram.*

**5. Fundargerð knattspyrnustjórnar 11.3.2019**

Fundargerð knattspyrnustjórnar frá 11.3.2019.

*Fundargerðin lögð fram.*

**6. Fundarboð og kynning á nýjum persónuverndarlögum**

ÍSí boðar til kynningarfundar á nýjum persónuverndarlögum á Akureyri fimmtudaginn 28. mars í Íþróttahöllinni á Akureyri.

*Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stefna á að mæta á fundinn fyrir hönd Völsungs.*

Fundi slitið: 17:35